

**Nd.**

## **123. Frumvarp til laga**

[119. mál]

um lögverndun á starfsheiti kennara.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristófer Már Kristinsson.

1. gr.

Rétt til að bera starfsheitið kennari hefur sá einn sem fullnægir skilyrðum laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

2. gr.

Óheimilt er að ráða til kennslustarfa við skólastofnanir á vegum opinberra aðila aðra en þá sem réttindi hafa skv. 1. gr., með þeim undantekningum sem leiðir af ákvæðum 3. gr.

3. gr.

Takmarkað og/eða tímabundið leyfi til kennslustarfa má veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 1. gr.

4. gr.

Sérstök nefnd, skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis og stjórnar Bandalags kennarafélaga að jöfnu, skal veita umsögn um allar ráðningar skv. 2. gr. og leyfisveitingar skv. 3. gr.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 2. mgr. 7. gr. og 3. másl. 8. gr. laga nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Komi upp sú staða við skóla að enginn með tilskilin réttindi sæki um auglýsta stöðu getur skólanefnd sótt um leyfi til menntamálaráðuneytisins til þess að ráða starfsmenn til að sinna kennslustörfum til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Nefnd skv. 4. gr. skal einnig veita umsögn um ráðningu slíkra starfsmanna. Leitast skal við af hálfu ráðuneytis og skólanefnda að fækka slíkum undanþágum. Með það í huga skal endurmeta þetta ákvæði um heimild til að veita undanþágur ekki síðar en að 3 árum liðnum frá gildistöku laga þessara.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt til að treysta stöðu kennara með því að lögvernda starfsheiti þeirra sem hafa full kennararéttindi og heimilt er að ráða til starfa hjá opinberum skólastofnunum.

Bandalag kennarafélaga (BK), sem sameinar innan sinna vébanda flesta kennara í grunnskólum og framhaldsskólum, sneri sér með bréfi, dagsettu 11. september 1984, til allra þingflokka á Alþingi með ósk um stuðning við stefnumál sín. Í bréfi þessu var sérstök áhersla „lögð á það baráttumál kennarastéttarinnar að kennarastarfið verði lögverndað og

það gert óheimilt að ráða aðra til kennslustarfa en þá sem hafa aflað sér réttinda til starfsins“.

Sem svar við þessari ósk Bandalags kennarafélaga var fyrir þingbyrjun hafinn á vegum flutningsmanna þessa máls undirbúningur að frumvarpi til laga um lögverndun á starfsheiti kennara og réttindum í tengslum við slík ákvæði. Við undirbúning málsins var m.a. höfð hliðsjón af lögum sem sett hafa verið á undanförunum árum til verndar á réttindum og heiti ýmissa starfsstétta, þar á meðal félagsráðgjafa, sálfræðinga og bókasafnsfræðinga.

Drög að lagafrumvarpi þessu voru send stjórn Bandalags kennarafélaga með bréfi 15. október s.l. með ósk um umsögn. Barst svar frá stjórn Bandalags kennarafélaga í bréfi 22. október s.l. Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, var tekið tillit til ýmissa ábendinga sem komu fram af hálfu stjórnar BK.

Margvísleg rök mæla með því að starfsheiti kennara verði lögverndað og kennarastarfinu og menntun kennara þannig veitt meiri viðurkenning en nú er samkvæmt gildandi lögum.

Áttatíu ár eru nú liðin síðan Kennaraskóli Íslands hóf störf og fór að útskrifa sérmenntað fólk til kennslustarfa. Nú útskrifar skólinn um 100 kennara á ári. Við Háskóla Íslands hófst kennsla í uppeldis- og kennslufræðum (kennaramenntun fyrir fólk með háskólapróf í ákveðinni grein eða greinum) árið 1952 og þaðan hafa útskrifast árlega um 70 til 80 manns á undanförunum árum. Ætla mætti að þessar tvær stofnanir útskrifuðu nægan fjölda kennara til starfa í skólum landsins og þar með væri hægt að skipa sérmenntað fólk í allar kennarastöður. En raunin er því miður önnur. Aðeins hluti þess fólks, sem aflað hefur sér kennararéttinda, sækist eftir kennslustörfum. Þar valda lág laun og erfiðar vinnuástæður mestu. Engar hömlur eru heldur settar við því að ráða réttindalaus fólk í kennslu. Ástandið er nú þannig að á grunnskólastigi eru starfandi rúmlega 400 réttindalausir kennarar og eru það um 15% kennara á þessu skólastigi.

Stórversnandi kjör á síðustu árum hafa valdið því að gamalreyndir kennarar hafa unnvörpum horfið frá kennslu og leitað eftir betur launuðum störfum á vinnumarkaðnum. Haldi þessi þróun áfram má búast við að enn dragi úr því að fullmenntaðir kennarar sækist eftir kennslu og fjöldi ófaglærðs fólks við kennslustörf stóraukist. Þess má auk þess geta að laun kennara eru hérlendis mun lægri en kennaralaun í nágrannalöndum okkar. Á sama tíma eru gerðar æ meiri kröfur til kennara og skóla og verkefni þeirra aukin. Kennsluhættir hafa breyst og vinnuálag á kennara hefur aukist. Á síðasta áratug hefur það færst í vöxt í tengslum við breytta kennsluhætti að kennarar þurfi sjálfir að búa til námsefni. Æ meiri tími fer í að fylgjast með nýjungum í skólastarfi og breyttu námsefni og ný verkefni bætast við í skólastarfi, m.a. skv. ákvörðunum Alþingis. Ýmis félagasamtök ætla skólunum líka að sinna verkefnum á sínu áhugasviði af margvíslegu tilefni.

Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að hlúa sem best að kennaramenntun og kennarastarfinu til að gera það eftirsóknarvert. Ein leið í þeirri viðleitni er að starfsheitið kennari verði lögverndað. Telji menn nauðsynlegt að halda uppi kennsluréttindanámi, og jafnvel efla það frá því sem nú er, er eðlilegt að stefnt sé að því að aðeins fólk, sem lokið hefur því námi, sinni kennslu.

Með því að setja lög þess efnis, að eingöngu þeir, sem hafa tilskilin réttindi, megi bera starfsheitið kennari, má ætla að staða kennara eflist og meiri áhersla verði lögð á að búa vel að þeim svo að unnt verði að manna skólana fólki sem búið hefur sig undir kennarastarfið.

Vitað er að fjöldi réttindalausra kennara er meiri úti um landið en á Reykjavíkursvæðinu. Það skal ekki vanmetið að víða hefur ágætisfólk hlaupið í skarðið þegar ekki hefur tekist að fá kennara með réttindi og lagt sig fram um að sinna starfi sínu sem best þrátt fyrir skort á starfsundirbúningi. Engum blandast hins vegar hugur um að þetta fólk stæði betur að vígi ef það hefði lokið kennaranámi áður en það hóf kennslustörf. Oft hefur verri námsárangur á

ákveðnum svæðum verið settur í samband við fjölda kennara án kennsluréttinda og tíð kennaraskipti. Einnig má benda á að fólk án kennsluréttinda hefur ekki aðgang að kennaranámskeiðum í Kennaraháskóla Íslands eða möguleika á að nýta sér þau. Aðgangur að þessum námskeiðum er takmarkaður vegna ónógra fjárveitinga, auk þess sem kennslufræðilegur bakgrunnur er nauðsynlegur fyrir nær öll námskeiðin; þau eru því skipulögð sem endurmenntun en ekki grunnmenntun.

Í þessu sambandi er minnt á ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra, svo hljóðandi:

„Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, *skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi*. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.“

Mikilvægt er að með hliðstæðum hætti sé tekið á málum þeirra er við kennslu hafa starfað að undanförunu en ekki hafa fullgild kennararéttindi.

Að sjálfsgöðu verður sá vandi ekki leystur í einni svipan að fá kennara með fyllstu réttindi í allar kennarastöður í landinu. Því verður löggjafinn að gera ráð fyrir tíma til aðlögunar að breyttum kröfum. Með bráðabirgðaákvæði frumvarpsins er skapað svigrúm í 3 ár til slíkrar aðlögunar. Þann tíma þarf að nota til að bæta svo kjör og starfsaðstöðu kennara að fólki með kennaranám að baki þyki fýsilegt að leggja fyrir sig kennslu.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Rétt þykir að taka tillit til þeirra sem nú sinna kennslu án þess að hafa kennsluréttindi. Hér getur verið um að ræða fólk sem sinnt hefur kennslu um árabíl og í raun litið á kennslu sem sitt ævistarf.

Um 4. gr.

Mikilvægt er að kennarasamtökum sé sköpuð aðstaða til þess að fylgjast með öllum kennararáðningum og geta þannig gætt hagsmuna kennara og nemenda í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Gera verður ráð fyrir að tekið verði fullt tillit til umsagnar þeirrar nefndar sem setja á á fót samkvæmt þessari grein.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.